



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Friðrik Hermannsson
Hraunvangur 1
220 Hafnarfjörður

Ísafjörður, 18. janúar 2019
2014090019

Efni: Sjávarhús

Erindisbréf dags. 18. Janúar, hefur verið sent á Miðvík ehf., vegna úrskurðar Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, varðandi Sjávarhús að Látrum málsnr. 116/2016. Um er að ræða viðbrögð af hálfu Ísafjarðarbæjar við úrskurði ÚUA.

Með vísan í bréf til Miðvíkur ehf. dags. 18. jan. 2018, þá hafa eigendur Sjávarhúss, ekki brugðist við bókun skipulags- og mannvirkjanefndar þann 11. mars 2015, þ.e. 430. fundur nefndarinnar. Þar sem eftirfarandi var bókað:

Fundarefni: Tekið fyrir að nýju ósk um niðurrif á húsi nr. 03 0101 á Látrum (fastanúmer 226-4555) í Aðalvík, Sléttuhreppi í Ísafjarðarsýslu. Svarbréf frá Lagastoð dags. 23. febrúar 2015 við bréfi skipulags- og byggingarfulltrúa dags. 3. febrúar 2015.

Bókun fundar:

Í bréfi lögmannsins kemur fram að eigendur upphaflegs húss hafi ekki komið að viðbyggingu hússins, séu ekki eigendur viðbyggingarinnar og hafi ekki frekari upplýsingar um framkvæmdir. Þá er óskað eftir afstöðu Ísafjarðarbæjar til þess hvort málinu teljist lokið hvað eigendur Sjávarhúss varðar.

Ekki er unnt að fallast á þessi sjónarmið eigenda Sjávarhúss varðandi viðbyggingu fasteignarinnar.

Viðbygging verður að teljast tilheyra þeirri fasteign sem hún er skeytt við, sbr. 2. gr. laga nr. 40/2002, og þannig á ábyrgð eiganda eða eigenda þeirrar fasteignar að lögum.

Byggingarfulltrúa er falið að tilkynna eigendum Sjávarhúss þá afstöðu Ísafjarðarbæjar að málinu sé þannig ekki lokið gagnvart þeim. Eigendum fasteignarinnar skal jafnframt tilkynnt, með vísan til 2. mgr. 55. gr. laga nr. 160/2010, þrátt fyrir framangreinda afstöðu þeirra til málsins, að til greina komi að krefjast þess að óleyfisframkvæmdirnar verði fjarlægðar, og skal þeim gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum og andmælum hvað það varðar.

Hér með er eigendum á ný gefinn fjögurra vikna frestur, frá dagsetningu þessa bréfs, til að koma sjónarmiðum á framfæri.

Fylgigögn

Bréf til Miðvíkur dags. 18. jan. 2018

Úrskurður ÚUA 116/2016

Bókun nefndar 11. mars. 2015

Virðingarfyllst,

Axel Rodríguez Överby
- skipulags- og byggingarfulltrúi -